


# BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS



Alþingi  
Erindi nr. **P** 127 / 1771  
komudagur 9. 4. 2002

Selfossi, hinn 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8- 10  
150 REYKJAVÍK

*Málefni: Umsögn um mál nr. 593, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum..*

1. gr.


Sjálfsgagt er að fella þessa setningu niður, séu ekki til þau tilvik, að betra sé að reka búfé á “góðan” afrétt en hafa heima, t.d. á ofnýttu heimalandi og þar sem afréttur þyldi vel beit. Er t.d. rétt í öllum tilfellum, að þvinga menn til að fækka frekar búfé og fara út í landbætur, ef um ofsetna jörð eða land að ræða og hafa þannig allt búfé heima, frekar en að þvinga viðkomandi um að reka á afrétt, tímabundið?

3. gr.

Ef öllum þykir rétt að fella niður ítölu og það verði gert, þá er ekki annað að sjá en að nýju greinarnar megi vera samkvæmt frumvarpinu, nema að það er eðlilegt að bæta við nýju 17. gr., viðmiðuninni úr núgildandi lögum 4. mgr. 24. gr., eins og rakið er í umfjölluninni um 3. gr. frumvarpsins, nema þetta ákvæði komi inni lögin um Landgræðsluna.

Úr því að það er verið að samræma þessi lög öðrum, þá er rétt að fara vel yfir þau öll og breyta t.d. tilvísuninni í 32. gr. núverandi laga um tilvitnun í rétt girðingarlög, þ.e. nr. 135/2001, í stað laga nr. 10, frá 25. mars 1965.

Með vinsemd og virðingu

  
Kristján Bj. Jónsson  
héraðsráðunautur